



Ungmennasamband Kjalarnespings

SKÝRSLA OG REIKNINGAR 1988



65. ÁRSPING

ÁLFTANESSKÓLA, BESSASTAÐAHREPPI

19. FEBRÚAR 1989

Dagskrá 65. Ársþings UMSK

Haldið í Álftanesskóla, Bessastaðahreppi

19. Febrúar 1989

1.	Þingsetning	kl.	10:00
2.	Kosnir starfsmenn þingsins	kl.	10:15
3.	Kosning kjörbréfanefndar	kl.	10:20
4.	Skýrsla stjórnar	kl.	10:25
5.	Ávörp gesta	kl.	11:00
6.	Kjörbréfanefnd skilar álit	kl.	11:25
7.	Umræður um skýrslu stjórnar	kl.	11:35
8.	Matarhlé	kl.	12:00
9.	Skípað í nefndir, mál lögð fyrir	kl.	13:00
10.	Nefndarstörf	kl.	13:30
11.	Nefndir skila álit	kl.	15:00
12.	Önnur mál	kl.	16:00
13.	Kosningar	kl.	16:30
14.	Þingslit	kl.	16:45

Efnisyfirlit.

Ávarp formanns.....		bls.
Skýrsla stjórnar.....		2
64. ársþing UMSK	4	3
Stjórn UMSK	5	
Aðildarfélag UMSK	6	
Fréttabréf UMSK	8	
Þrastarskógur	8	
Skrifstofa UMSK	9	
Skólahlaup UMSK	10	
Getraunir	11	
Lottó 5/38	12	
Íþróttaiðkendur UMSK	14	
Þing og fundir	15	
Heiðursviðurkenningar	17	
Kennsluskýrslur	18	
Dómaramál	19	
20. Landsmót UMFÍ	20	
Bikarkeppni SSÍ	21	
Bikarkeppni FRÍ	23	
Skólahlaup úrslit	25	
Héraðsmót/úrslit	27	
Héraðsmet í frjálsum íþróttum	37	
Bestu afrek í sundi 1988	39	
Lög UMSK.....		40
Reikningar.....		43

Forsíðumyndin er af 5 - 8 ára börnum í Íþróttaskóla ÍK í vetur.

ÁVARP FORMANNS

Framundan er mikið starf við undirbúning 20. Landsmóts UMFÍ sem haldið verður dagana 12. - 15. júlí 1990 í Mosfellsbæ. Mjög brýnt er að allir sambandsaðilar UMSK leggist á eitt um að gera þetta landsmót að landsmóti sem munað verður eftir. Hér er kjörið tækifæri til að sýna samtakamátt UMSK-félaga og hina miklu virkni á sambandssvæðinu. Undirbúningsstarfið er þegar hafið bæði af hálfu UMSK og ekki síður af hálfu Mosfellsbæjar við glæsilegt íþróttasvæði að Varmá. Þar er unnið að gerð íþróttavallar með gerviefni á hlaupabrautum og atrennubrautum sem þýðir að besta aðstaða á landinu til frjálsíþróttaiðkana verður í Mosfellsbæ. Þennan stórhug Bæjarstjórnar Mosfellsbæjar ber að þakka sérstaklega. Það eitt að keppt verður á gerviefni í frjálsum íþróttum mun marka spor í sögu landsmótanna.

Mikil uppbygging íþróttamannvirkja á sér nú stað á sambandssvæði UMSK. Nýlokið er við stórt íþróttahús á Seltjarnarnesi, unnið er að byggingu 50 m. langrar sundlaugar í Kópavogi og í Garðabæ er verið að byggja stórt íþróttahús og 25 m. langa sundlaug, auk ofannefndrar vallargerðar í Mosfellsbæ. Þessar framkvæmdir bera vott um skilning bæjarstjórnanna á mikilvægi blómlegs æskulýðs- og íþróttastarfs.

Miklar breytingar urðu á rekstri Getrauna á síðasta hausti þegar getraunaseðlarnir fóru í Lottó-kassana. Þau félög sem ætla að hafa tekjur af þessari fjáröflun þurfa að aðlaga sig að nýja kerfinu og fá kaupendur seðlanna til að merkja þá félagsnúmeri sínu. Vonandi eiga getraunir eftir að verða drjúg tekjulind um alla framtíð.

Íslensk Getspá skilaði góðum arði á árinu og festi sig í sessi sem mikilvæg fjáröflun fyrir ungmenna- og íþróttahreyfinguna í landinu.

Að lokum þakka ég landsmótsnefnd, stjórnarmönnum og framkvæmdastjóranum, Einari Sigurðssyni, fyrir gott samstarf á árinu. Jafnframt þakka ég öllum forsvarsmönnum og stjórnunum aðildarfélaganna og sveitarstjórnunum á sambandssvæðinu fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Hafsteinn Pálsson

SKÝRSLA STJÓRNAR

Skýrsla stjórnar UMSK 1988 - 1989

1	.	64. Ársþing UMSK.
2	.	Stjórn UMSK.
3	.	Aðildarfélög UMSK.
4	.	Fréttabréf UMSK.
5	.	Prastarskógur.
6	.	Skrifstofa UMSK.
7	.	Skólahlaup UMSK.
8	.	Getraunir.
9	.	Lottó 5/38.
10	.	Íþróttaiðkendur.
11	.	Þing og fundir.
12	.	Heiðursviðurkenningar.
13	.	Kennsluskýrslur.
14	.	Dómaramál.
15	.	20. Landsmót UMFÍ.
16	.	Bikarkeppni SSÍ.
17	.	Bikarkeppni FRÍ.
18	.	Skólahlaup úrslit.
19	.	Héraðsmót/úrslit.
20	.	Hérðasmet í frjálsíþróttum.
21	.	Bestu afrek í sundi 1988.

Skýrslan er unnin í desember og janúar. Höfundar efnis eru Hafsteinn Pálsson og Einar Sigurðsson.

Skýrslan er unnin og sett upp af Einari Sigurðssyni og ljósrituð á ljósrita UMSK.

Forsíða og myndasíður eru prentaðar í Prentsmiðjunni Odda. Ljósmyndir eru teknar af Einari Sigurðssyni.

64. ÁRSPING UMSK

64. ársþing UMSK var haldið í Hlégarði í Mosfellsbæ 14. febrúar 1988. Þingið var í umsjá Ungmennafélagsins Aftureldingar. Matur var í boði Mosfellsbæjar og kaffi í boði UMFA. Er viðkomandi aðilum færðar þakkir fyrir góðar veitingar og stjórn UMFA fyrir umsjá þingsins.

Gestir þingsins voru; Pálmi Gíslason formaður UMFÍ, Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ, Katrín Gunnarsdóttir, Sigurður Þorsteinsson framkvæmdastjóri UMFÍ, Jón Ármann Héðinsson og Hannes Þ. Sigurðsson ÍSÍ, Sigurður Geirdal og Páll Guðjónsson Bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

Starfsmenn þingsins voru: Pétur Fenger UMFA fyrsti forseti, Páll Aðalsteinsson UMFA annar þingforseti og Valgerður Magnúsdóttir UMFA og Sigríður Gunnarsdóttir UMFA þingritarar. Í kjörbréfanefnd voru kjörin Svanur M. Gestsson UMFA, Þorgrímur Októsson UMFA og Alda Helgadóttir Stjórnunni.

11 félög með 45 fulltrúa og 13 varafulltrúa sóttu þingið en alls áttu 20 félög með 86 fulltrúa rétt á þingsetu. Þá voru mættir áheyrnarfulltrúar frá Íþróttadeild Hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ sem fekk nýlega aðild að UMSK.

Í matarhléi voru veitt eftirfarandi verðlaun og heiðursviðurkenningar: Afreksbikar UMSK hlaut Bjarki Arnórsson siglingamaður úr Ými. Ólína Sveinsdóttir hlaut Félagsmálaskjöld UMSK og meistaraflokkur Stjórnunnar í handknattleik karla hlaut UMFÍ-BIKAR UMSK. Þá var Garðari Guðmundssyni Gróttu, Pálma Gíslasyni UBK og Sveini Jóhannssyni afhent Starfsmerki UMSK en þeir gátu ekki veitt því viðtöku á 65 ára afmæli UMSK.

Þá hlutu Ester Jónsdóttir UBK, Hulda Pétursdóttir UBK, Katrín Gunnarsdóttir Stjórnunni, Magnús Harðarson ÍK (Magnús gat ekki veitt merkinu viðtöku vegna veikinda), og Þorgrímur Októsson UMFA Starfsmerki UMSK.

Af fráfarandi stjórn gáfu kost á sér til endurkjörs Hafsteinn Pálsson, Svanur M. Gestsson, Ólína Sveinsdóttir og Guðmundur Karlsson. Úr stjórn gengu Lárus Pétursson, Guðmundur R. Jónsson og Karl Gauti Hjaltason. Í þeirra stað komu Alda Helgadóttir, Hraunar Danielsson og Ólafur Magnússon.

Þrjár breytingar voru gerðar á lögum sambandsins og er sú helsta að stjórnarmenn eru nú kosnir til tveggja ára í stað eins áður.

65. Ársþing UMSK



Hafsteinn Pálsson setur 64. ársþing UMSK í Hlégarði.



Sigurður Þorsteinsson, framkvæmdastjóri UMFÍ, í ræðustól á 64. ársþingi UMSK.



Svanur M. Gestsson varaformaður UMSK og Pálmi Gíslason formaður UMFÍ fá sér bita á ársþinginu. Páli Aðalsteinssyni líst ekki betur en svo á matinn að hann tekur fyrir nefið! Fyrir aftan Svan eru Páll Guðjónsson og Pétur Fengur 1. þingforseti.

STJÓRN UMSK

Á 64. ársþingi sambandsins urðu þrjár breytingar á stjórn. Lárus Pétursson, Guðmundur R. Jónsson og Karl Gauti Hjaltason gengu úr stjórn og í þeirra stað komu Alda Helgadóttir, Hraunar Danielsson og Ólafur Magnússon.

Þá voru gerðar þær breytingar á lögum til stjórnarkjörs að stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í stað eins áður. Þó þannig að einungis skuli kosið um tvo stjórnarmenn árlega.

Stjórn og varastjórn var því skipuð sem hér segir:

Formaður	Hafsteinn Pálsson	Umf. Aftureldingu
Varaformaður	Svanur M. Gestsson 2 ár	Umf. Aftureldingu
Ritari	Ólína Sveinsdóttir	Umf. Breiðablik
Gjaldkeri	Elsa Jónsdóttir	Íþrf. Gerplu
Meðstjórnandi	Alda Helgadóttir 2 ár	Umf. Stjórnunni
Til vara:	Guðmundur Karlsson	ÍK
	Hraunar Danielsson	Umf. Breiðablik
	Ólafur Magnússon	Umf. Dreng

Stjórnin hélt 13 formlega fundi á starfsárinu og tók fyrir fjöldann allan af málum.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	Alls
Hafsteinn Pálsson	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	13
Svanur M. Gestsson	1	1	1		1	1	1	1	1	1	1	1	1	12
Ólína Sveinsdóttir	1		1			1						1	1	5
Elsa Jónsdóttir						1	1		1				1	4
Alda Helgadóttir		1		1	1								1	4
Ólafur Magnússon	1			1			1				1			4
Guðmundur Karlsson	1	1												2
Hraunar Danielsson	1	1	1	1	1		1	1	1	1	1	1		11
	6	5	4	4	4	4	5	3	4	3	4	4	5	55

AÐILDARFÉLÖG UMSK

1. Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ. 1909
Fjöldi félaga: 688, formaður : Guðbjörg Pétursdóttir.
2. Ungmennafélagið Drengur, Kjósarhreppi. 1915
Fjöldi félaga: 83, formaður : Ólafur Magnússon.
3. Ungmennafélag Kjalnesinga, Kjalarnesi. 1938
Fjöldi félaga: 197, formaður : Pétur Þórðarson.
4. Ungmennafélag Bessastaðahrepps, Bessastaðahreppi. 1945
Fjöldi félaga: 117, formaður : Berglind Guðmundsdóttir.
5. Ungmennafélagið Breiðablik, Kópavogi. 1950
Fjöldi félaga: 1489, formaður : Sigurjón Valdimarsson.
6. Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ. 1960
Fjöldi félaga: 795, formaður : Karl Harry Sigurðsson.
7. Íþróttafélagið Gróttu, Seltjarnarnesi. 1967
Fjöldi félaga: 500, formaður : Gunnar Lúðvíksson.
8. Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi. 1970
Fjöldi félaga: 610, formaður : Þorsteinn Einarsson.
9. Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi. 1971
Fjöldi félaga: 1129, formaður : Ingvar Árnason.
10. Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi. 1971
Fjöldi félaga: 254, formaður : Birgir Ari Hilmarsson.
11. Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ. 1975
Fjöldi félaga: 53, formaður : Bjarni Hannesson.
12. Íþróttafélag Kópavogs, Kópavogi. 1976
Fjöldi félaga: 422, formaður : Magnús Harðarson.

13. Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ. 1981
Fjöldi félaga: 142, formaður : Örn Höskuldsson.
14. Knattspyrnufélagið Augnablik, Kópavogi. 1981
Fjöldi félaga: 41, formaður : Þórólfur Árnason.
15. Siglingafélagið Sigurfari, Seltjarnarnesi. 1981
Fjöldi félaga: 178, formaður : Hjörtur Hjartarson.
16. Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ. 1982
Fjöldi félaga: 55, formaður : Snorri Magnússon.
17. Íþróttafélagið Hlynur, Kópavogi. 1983
Fjöldi félaga: 25, formaður : Gunnsteinn Sigurðsson.
18. Íþróttafélagið Tjaldur, Mosfellsbæ. 1984
Fjöldi félaga: formaður : Jóhanna Guðjónsdóttir.
19. Golfklúbbur Garðabæjar, Garðabæ. 1986
Fjöldi félaga: 107, formaður : Björn Olsen.
20. Knattspyrnufélagið Hvatberar, Seltjarnarnesi. 1987
Fjöldi félaga: 76, formaður : Agúst Baldursson.
21. Knattspyrnufélagið Fyrirtak, Garðabæ. 1987
Fjöldi félaga: 29, formaður : Matthías Hinriksson.
22. Íþróttadeild Hestamannafélagsins Harðar, Kópavogi. 1979
Fjöldi félaga: 314, formaður: Örn Harðarson.
23. Íþróttadeild Hestamannafélagsins Gusts, Kópavogi. 1980
Fjöldi félaga: 315, formaður : Hulda Gústafsdóttir.

FRÉTTABRÉF UMSK

Fimm tölublöð af Fréttabréfi UMSK komu út á árinu 1988. Áskrifendur eru um 850 og fjölgar stöðugt. Mestur kippur kemur í fjölgun áskrifenda þegar kennsluskýrslur berast skrifstofunni því alltaf er töluvert um nýtt fólk sem kemur til starfa hjá félögunum.

Helsta nýjung á árinu ef nýjung skyldi kalla var sú að fréttabréfið var tvöfalt eða jafnvel þrefalt eins og fyrsta tölublaðið en í því var greint ítarlega frá ársþinginu og allar samþykktar tillögur birtar.

Það hefur tíðkast að framkvæmdastjóri hafi veg og vanda að útgáfu fréttabréfsins sem þýðir að engin annar hefur komið nálægt vinnslu bréfsins. Þetta er að mörgu leyti bagalegt því ekkert efni kemur frá öðrum aðilum sem væri þó mjög gott því hætt er við að það verði einhæft og leiðinlegt til aflestrar. Því væri ekki úr vegi að forsvarsmenn félaga og deilda létu vita af einhverju skemmtilegu sem er að gerast hjá þeim. Það myndi örugglega setja sterkari svip á bréfið.

ÞRASTARSKÓGUR

Árið 1911 var UMFÍ fært að gjöf Þrastarskógur og hefur skógurinn verið í eigu þess síðan. Ekki er sagan sögð því í Þrastarskógi er sumarhús sem er í eigu UMSK. Í skóginum er frábær aðstaða til útiveru og er þar stór grasvöllur sem margir hafa nýtt sér. Eitthvað hefur verið um það að aðildarfélög UMSK hafi nýtt sér aðstöðuna en það mætti vera miklu meira og er hér með skorað á sem flesta að kynna sér möguleikana sem bjóðast enda ætti kostnaður ekki að vera mikill.

Að auki ná nefna að á vegum UMFÍ starfar nefnd sem vinnur að skipulagi Þrastarskógar og er von til þess að betri nýting fáiist í framtíðinni af þessari sameign okkar ungmennafélaga.

SKRIFSTOFA UMSK


Skrifstofa sambandsins er sem fyrr að Mjólnisholti 14 og eru rúm fjögur ár síðan flutt var inn í núverandi húsnæði. 1. október á þessu ári rennur síðan leigusamningurinn við eigandann út og þarf því fljótlega að fara að huga að nýju húsnæði fyrir sambandið.

Skrifstofan er vel búin af tækjum en fyrir 64. ársþingið var keypt ný og öflug ljósritunarvél sem afkastar miklu eða 30 eintökum á mínútu í stað þeirrar gömlu lúnu sem afkastaði 16 eintökum á mínútu. Þá er Macintosh Plus tölvan góða á skrifstofunni og sem fyrr er hún á við einn starfsmann í vinnuhagræðingu. Þá er á skrifstofunni kjölbindivél sem kemur sér einkar vel til að binda inn skýrslur.

Á árinu var keyptur sjálfvirkur símsvari til að auðvelda fyrir að koma boðum til skila og verður að teljast þarfapíng því viðverutími framkvæmdastjóra er misjafn og ræðst jafnan af þeim verkefnum sem verið er að vinna að en mikill tími fer í að sinna erindrekstri út í bæ.

Sem fyrr er Einar Sigurðsson framkvæmdastjóri sambandsins en hann hóf störf í byrjun árs 1987.

Meðal verkefna á síðasta ári voru undirbúningur ársþings, Kennsluskýrslur, Símaskrá UMSK, Landsmótsnefnd UMFÍ.



SKÓLAHLAUP UMSK

Laugardaginn 8. október s.l. fór fram skólahlaup UMSK og var það haldið á Seltjarnarnesi við Mýrarhúsaskóla. Mikil og góð þátttaka var í hlaupinu og voru 466 skráðir til keppni. Að þessu sinni voru 13 skólar með sem er aukning frá í fyrra en þá voru 10 skólar með. Þá var jafnframt betur skipað í sveitir en í fyrra þ.e.a.s. flestir skólanna voru með fullskipaðar sveitir í aldursflokkunum.

Veðrið var frábært til keppni sem þykir einsdæmi í sögu skólahlaupsins enda lögðu margir foreldrar leið sína á Nesið til að fylgjast með börnum sínum í keppni. Framkvæmd hlaupsins gekk að mestu hnökralaust fyrir sig. Þó var töluvert um skondnar uppákomur á meðan hlaupin stóðu yfir. Fyrst skal nefnda það að rásmarkið og endamarkið var ekki á sama stað þ.e.a.s. ræst var norðan megin við Mýrarhúsaskóla en markið var við hann sunnanverðan. Af þessari ástæðu urðu starfsmenn að hlaupa hálfhring í kringum skólann til að geta gegnt sínum störfum. Eftir að strákar 7 og 8 ára voru komnir í mark urðu starfsmenn að hlaupa hálfhringinn góða til að ræsa stelpur 9 og 10 ára. Þegar komið er fyrir hornið á skólanum sést í hælana á stúlkunum og hafði þá einhver framtakssamur íþróttakennarinn sem ætlaði svo sannarlega að láta hlaupið ganga hratt fyrir sig ræst stúlkurnar.

Hitt atriðið var engu síður skondnara en þannig er mál með vexti að Sanitas sem gaf gos til hlaupsins hafði ákveðið að lána okkur gosvél til að afgreiða það. Starfsmenn Sanitas komu gosvélinni vel fyrir í anddyri skólans og þótti mikið augnayndi flestra. Svo óheppilega vildi til að þeir tengdu jafnframt kútana við vélina. Skemmst er frá því að segja að yngri börnin nutu góðs af og um mitt hlaup átti ónefndur framkvæmdastjóri erindi í anddyri skólans. Ekki var leiðin greið inn því við gosvélinna hafði þá safnast saman ansi stór hópur sem skipti tugum ef ekki hundraði og nutu veitinga við hana. Voru nokkrir röggssamir drengir sem stjórnuðu afgreiðslu sem virtist ganga vel fyrir sig því þegar átti eftir halupið að veita gosið og Malta súkkulaðikex var ansi lítið eftir af því fyrrnefnda. Fóru því nokkrir þyrstir heim þann daginn en aðrir aftur á móti vel mettir.

Úrslit í skólahlaupinu eru á öðrum stað í skýrslunni og vísast í þau að öðru leyti.

65. Ársþing UMSK



Afreksmaður UMSK, Bjarki Arnórsson, með verðlaun sín.



Karl H. Sigurðsson formaður Stjórnunnar veitti viðtöku UMFI-BIKAR UMSK fyrir m.fl. karla í handknattleik.



M.fl. Stjórnunnar í handknattleik.

GETRAUNIR

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á rekstri Íslenskra getrauna. Gamla sölukerfið var lagt niður og nýtt tekið upp. Þ.e.a.s. nú eru getraunaseðlarnir keyrðir gegnum hina viðfrægu lottókassa. Af þeim sökum var form getraunseðilsins nokkuð frábrugðið því sem áður var. Nú er það kaupandinn sem getur valið um hvaða félag fær ágóðann af seðlinum því á hann er hægt að merkja við það félag sem viðkomandi styður. Af þessum sökum var félögum sem höfðu selt seðla fyrir breytingu úthlutað númer og þeim félögum sem ekki fengu úthlutað númer er gefinn kostur á að sækja um það. Eftirtalin félög hafa hlotið númer nú þegar á sambandssvæðinu:

Grótta	170
Breiðablik	200
ÍK	201
Gerpla	202
HK	203
Ýmir	204
Augnablik	205
Stjarnan	210
Afturelding	270
UMFK	271

Að sjálfsögðu er það enn undir félögunum komið að salan gangi vel því félögin verða að hefja mikinn áróður og kynna númer sitt mjög vel fyrir félagsmönnum og ekki síst stuðningsmönnum þess. Hvað ómerkta seðla varðar þá fá félögin sama hlutfall af þeim eins og merktu seðlunum þannig að miklu máli skiptir að tryggja að sem flestir merki númer síns félags á seðilinn.

Hér fyrir neðan eru tölulegar upplýsingar um áheiti á félögin á sambandssvæðinu frá hausti til áramóta.

númer	félag	áhelt/raðir	% af merktu	uppfært	greitt
170	Grótta	13301	0.319	0.471	19635
200	UBK	84516	2.026	2.991	124760
201	ÍK	21288	0.51	0.753	31425
202	Gerpla	1560	0.037	0.055	2303
203	HK	30049	0.72	1.063	44357
204	Ýmir	2566	0.062	0.091	3788
205	KAKÓ	1417	0.034	0.05	2092
210	Stjarnan	65568	1.572	2.32	96790
270	UMFA	29597	0.71	1.047	43690
271	UMFK	0	0	0	0
		249862	5.99	8.841	368840
	Kópavogur	141396	3.389	5.003	208725
	Garðabær	65568	1.572	2.32	96790
	Mosfellsbær	29597	0.71	1.047	43690
	Seltjarnarne	13301	0.319	0.471	19635

LOTTÓ 5/38

Fyrirtækið Íslensk Getspá er í eigu íþrótta- og ungmennafélags-
hreyfingarinnar og Öryrkjabandalagsins.. ÍSÍ á 46.67 % , UMFÍ 13.33
% og Öryrkjabandalagið 40 %.

Þar sem fyrirtækið er mjög ung og vart búið að slíta barnsskónum
hefur orðið töluverð þróun á rekstri fyrirtækisins. Til að byrja með gekk
leikurinn út á það að merkja við fimm tölur af þrjátíu og tveimur. Því var
síðan breytt á árinu í fimm af þrjátíu og átta.

Úthlutunarreglur ÍSÍ eru eftirfarandi:

- 45 % Renni til sérsambanda ÍSÍ sem eru 19 talsins.
- 55 % Renni til héraðssambanda sem eru 28 talsins. Þau
héraðssambönd sem eru einnig aðilar að UMFÍ fá sker
tan hlut sem því nemur.

Síðan er þeim 55 % sem renna til héraðssambanda skipt
eftir eftirfarandi reglum:

- 12 % Fari jafnt niður á héraðssamböndin.
- 88 % Skiptist eftir íbúafjölda á sambandssvæðunum.

Úthlutunarreglur UMFÍ eru eftirfarandi:

- 10 % Til UMFÍ.
- 15 % Útdeilist jafnt á sambandsaðila.
- 10 % Útdeilist jafnt vegna hvers félags innan
héraðssambandanna.
- 15 % Útdeilist vegna félagafjölda 7 ára og eldri.
- 20 % Útdeilist eftir íbúafjölda á sambandssvæðunum.
- 20 % Útdeilist vegna launa starfsmanna miðað við starfstíma. 6
mánuðir eða lengur gefa einn hlut. 3-6 mánuðir gefa hálfan
hlut.
- 8 % Renni til einstakra verkefna.
- 2 % Renni í Minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar.

Á árinu hafa eftirfarandi greiðslur borist til UMSK frá UMFÍ og
ÍSÍ:

65 ÁRSPING UMSK

Frá UMFÍ	3.540.958.-
Frá ÍSÍ	<u>2.657.944.-</u>
	6.198.902.-

Reglur UMSK um skiptingu Lottóágóða:

15 %	Renni til sambandsins
85 %	Renni til aðildarféлага samkvæmt eftirfarandi skiptinu (skipt upp í 100 %)
15 %	Renni jafnt til féлага með unglingastarf
20 %	Samkvæmt hlutfalli af kennslustyrk
35 %	Samkvæmt félagatali. Tvöfalt vægi á félagsmenn yngri en 16 ára.
10 %	Renni í Afreksmannasjóð UMSK
20 %	Samkvæmt ákvörðun stjórnar UMSK.

Hlutur aðildarféлага UMSK er 5.269.067.- sem skiptist svo niður:

Ungmennafélagið Afturelding	528.029.-
Ungmennafélagið Drengur	77.365.-
Ungmennafélag Kjalnesinga	109.516.-
Ungmennafélag Bessastaðahrepps	80.084.-
Ungmennafélagið Breiðablik	842.841.-
Ungmennafélagið Stjarnan	639.421.-
Íþróttafélagið Gróttu	414.122.-
Handknattleiksfélag Kópavogs	489.241.-
Íþróttafélagið Gerpla	743.731.-
Siglingafélagið Ýmir	107.714.-
Siglingaklúbburinn Vogur	59.107.-
Íþróttafélag Kópavogs	380.854.-
Golfklúbburinn Kjölur	147.667.-
Knattspyrnufélagið Augnablik	10.638.-
Siglingafélagið Sigurfari	91.593.-
Íþróttafélagið Gáski	80.231.-
Íþróttafélagið Hlynur	4.768.-
Golfklúbbur Garðabæjar	16.996.-
Knattspyrnufélagið Hvatberar	16.702.-
Knattspyrnufélagið Fyrirtak	1.450.-
Íþróttadeild Hestamannafélagsins Harðar	16.775.-
Íþróttadeild Hestamannafélagsins Gusts	15.325.-

Ógreitt um áramót 329.909.- Þessari upphæð var útdelt í byrjun janúar.

ÍPRÓTTAÐKENDUR UMSK

	K O N U R		K A R L A R		
	Yngri en 16	16 og eldri	Yngri en 16	16 og eldri	ALLS
Badminton	22	33	14	51	120
Blak	52	66	56	58	232
Boccia		13		34	47
Bogfimi					0
Borðtennis	30	3	56	30	119
Fimleikar	891	79	220	28	1218
Frjálsar íþróttir	207	69	171	90	537
Glima					0
Golf	7	26	17	205	255
Handknattleikur	339	180	548	368	1435
Hestaíþróttir	67	179	80	399	725
Hjólreiðar		6		5	11
Júdó	3	5	29	17	54
Karate	79	43	342	197	661
Knattspyrna	196	86	830	470	1582
Körfuknattleikur				18	18
Lyftingar					0
Róður					0
Siglingar	25	60	95	321	501
Skautaiþróttir		2	1	7	10
Skiðaiþróttir	274	315	219	238	1046
Skotfimi					0
Sund	55	114	93	129	391
Tennis	43	49	26	69	187
Aðrar íþróttir	73	56	112	50	291

Samtals iðkendur	2363	1384	2909	2784	9440
í stjórn og nefndum	13	135	46	331	525

Samtals	2376	1519	2955	3115	9965

ÞING OG FUNDIR

Hér á eftir fer listi yfir þá UMSK félaga sem sóttu þing og fundi á árinu 1988.

4. Sambandsþing Íþróttasambands Fatlaðra 20. - 21. febrúar, Húsavík
Snorri Magnússon Gáska, Þórður Hjaltsted Gáska og Elin Kristmundsdóttir Gáska.

28 Ársþing Kjörfuknattleikssambands Íslands 7. - 8. maí, Reykjavík.
Sigurður Hjóleifsson UBK, Kristinn Albertsson UBK.

38. Ársþing Sundsambands Íslands 15. - 16. október.
Sif Bachman UBK og Halldór Ragnarsson UMFA.

Ársþing Fimleikasambands Íslands, Reykjavík. Guðrún B. Vilhjálmsdóttir Gróttu, Margrét Einarsdóttir Gróttu, Ingvar Arnason Gerplu, Valdimar Karlsson Gerplu, Heimir Gunnarsson Gerplu, Elsa Jónsdóttir Gerplu, Jón Þór Bjarnason Gerplu, Margrét Guðmundsdóttir Gerplu, Áslaug Dís Ásgeirsdóttir Gerplu, Ásta Ísberg Gerplu, Þórunn Í. Þorsteinsdóttir Gerplu, Kristín Gísladóttir Gerplu, Hlíf Þorgeirsdóttir Gerplu, Anna Möller Stjörnunni, Erla Lúðvíksdóttir Stjörnunni, Dóra Óskarsdóttir Stjörnunni.

59. Íþróttapring ÍSÍ 21. - 23. október 1988. Egilsstöðum. Hafsteinn Pálsson UMSK, Svanur M, Gestsson UMSK, Ólína Sveinsdóttir UMSK, Hraunur Danielsson UMSK, Alda Helgadóttir UMSK, Einar Sigurðsson framkvæmdastjóri UMSK, Karl H. Sigurðsson Stjörnunni, Sigurjón Valdimarsson UBK, Anna Möller, Katrín Gunnarsdóttir Stjörnunni, Lovísa Einarsdóttir Stjörnunni, Albert H.N. Valdimarsson HK.

26. Sambandsráðsfundur UMFÍ 12. nóvember 1988. Logalandi. Hafsteinn Pálsson UMSK/UMFÍ, Einar Sigurðsson framkvæmdastjóri UMSK, Elsa Jónsdóttir UMSK, Kristján Sveinbjörnsson Landsmótsnefnd.

Ársþing Knattspyrnusambands Íslands 3. - 4. desember, Selfossi. Reynir Brynjólfsson UMFA, Magnús Harðarson ÍK, Jón Erlendsson ÍK, Andrés Sigurðsson Stjörnunni, Jóhannes Sveinbjörnsson Stjörnunni, Ari Þórðarson UBK, Valdimar Bergsson UBK.

Félagar aðildarfélaga UMSK í stjórnnum og nefndum innan íþróttá- og ungmennafélagsshreyfingarinnar.

Fimleikasamband Íslands: Margrét Bjarnadóttir Gerplu formaður, Áslaug Dís Ásgeirsdóttir Gerplu, Elsa Jónsdóttir Gerplu.

Frjálsíþróttasamband Íslands: Einar Sigurðsson UBK, varastjórn.

Handknattleikssamband Íslands: Davíð B. Sigurðsson UMFA.

Íþróttasamband Fatlaðra: Þórður Hjaltastéð Gáska.

Íþróttasamband Íslands: Jón Ármann Héðinsson HK, Katrín Gunnarsdóttir Stjórnunni, Lovísa Einarisdóttir Stjórnunni.


Karatesamband Íslands: Karl Gauti Hjaltason Formaður Gerplu.

Körfuknattleikssamband Íslands: Sigurður Hjörleifsson UBK, varastjórn.

Sundsamband Íslands: Halldór Ragnarsson UMFA, varastjórn.

Unglinganefnd ÍSÍ: Katrín Gunnarsdóttir Stjórnunni, Magnús Harðarson ÍK.

Ungmennafélag Íslands: Pálmi Gíslason UBK formaður, Hafsteinn Pálsson UMFA varastjórn.




65. Ársþing UMSK



„Ég á ekki til eitt einasta orð.“ Ólína Sveinsdóttir tekur við Félagsmálaskildi UMSK úr höndum formannsins.



Garðar Guðmundsson, Pálmi Gíslason, Sveinn Jóhannsson, Ester Jónsdóttir, Hulda Pétursdóttir, Katrín Gunnarsdóttir og Þorgrímur Októsson veita viðtöku Starfsmerki UMSK á 64. ársþinginu.



Fulltrúar UMSK á Sambandsþingi UMFÍ á Egilsstöðum 1987.

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

Hér á eftir fer upptalning á þeim sem hlotið hafa Heiðursviðurkenningar UMSK.

Starfsmerki UMSK

Albert H.N. Valdimarsson	1987	HK
Ásgeir Friðþjófsson	1987	UBK
Davíð Sigurðsson	1987	UMFA
Garðar Guðmundsson	1987	Gróttu
Ingi Guðmundsson	1987	Stjörnunni
Jón Ármann Héðinsson	1987	HK
Jón Ingi Ragnarsson	1987	UBK
Jóhannes Sveinbjörnsson	1987	Stjörnunni
Kristján Sveinbjörnsson	1987	UMFB
Margrét Bjarnadóttir	1987	Gerplu
Páll Aðalsteinsson	1987	UMFA
Pálmi Gíslason	1987	UBK
Steinar Lúðvíksson	1987	UBK
Sveinn Jóhannsson	1987	UBK
Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1987	UBK
Þorsteinn Einarsson	1987	HK
Ester Jónsdóttir	1988	UBK
Hulda Pétursdóttir	1988	UBK
Katrín Gunnarsdóttir	1988	Stjörnunni
Magnús Harðarson	1988	ÍK
Þorgrímur Októsson	1988	UMFA
Sigurgeir Sigurðsson	1989	Gróttu

Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og Guðrúnu Gísladóttur.

Margrét Bjarnadóttir	1981	Gerplu
Páll Aðalsteinsson	1982	UMFA
Albert H.N. Valdimarsson	1983	HK
Jón Ingi Ragnarsson	1984	UBK
Kristján Sveinbjörnsson	1985	UMFB
Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1986	UBK
Ólína Sveinsdóttir	1987	UBK

Afreksbikar UMSK

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu	1982	UBK
Kristín Gísladóttir, fimleikar	1983	Gerplu
Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar	1984	UBK
Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar	1985	UBK
Ævar Þorsteinsson, Karate	1986	UBK
Bjarki Arnórsson, siglingar	1987	Ými

UMFÍ- Bikarinn

Meistaraflokkur karla í handknattleik	1987	Stjarnan
---------------------------------------	------	----------

KENNSLUSKÝRSLUR

Kennsluskýrslum ber að skila inn til ÍSÍ og UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert. Misjafnlega tókst til á þessu ári að fylla út og skila skýrslunum. Þó verður að segja að það hafi gengið bærilega þetta árið.

Þau félög sem ekki skila skýrslum eiga yfir höfði sér keppnisbann. Ekki voru nein félög af okkar svæði sem lentu í keppnisbanni en ef Framkvæmdastjórn ÍSÍ fylgdi eftir "hótunum" sínum um keppnisbann og væri ekki í gríð og erg að gefa undanþágur er nokkuð víst að mörg félög hefðu lent í keppnisbanni í ár. Það verður að segja að það er óþolandi að félög og sambönd sem leggja mikið upp úr því að gera sem best skil og á réttum tíma horfi síðan upp á það að einhverjir "útvaldir" geti trassað sins og þá lystir.

Á árinu var svokallaður Kennslustyrkur lagður niður. Kennslustyrkur var greiddur af ríki og er það miður hversu niðurskurðarhnífurinn hefur brytjað af styrkjum til íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar. Vissulega njótum við góðs af hagnaði af lottóleiknum en ekki má gleyma því að fjáröflunarleiðir sem áður gáfu mikið í aðra hönd hafa misst marks og gefa lítið sem ekkert. Í þessu sambandi má nefna sölu á happdrættismiðum.

Þrátt fyrir að enginn kennslustyrkur fáiast lengur er nauðsynlegt að fyrir liggi upplýsingar um starfið hjá hverju félagi í landinu og því verður enn einu sinni að minna á að ganga rösklega til verks þegar Starfsskýrslur fyrir starfsárið 1988 berast og fylla þær tímanlega og sómasamlega út svo vel megi við una.

DÓMARAMÁL

Eins og kunnugt er hefur skortur á dómurum í hinum ýmsu íþróttagreinum verið höfuðverkur all lengi í íþróttahreyfingunni. Hefur þetta valdið erfiðleikum í mörgum tilfellum og leiðindum. Á síðasta ári reyndi UMSK að koma á móts við knattspyrnumenn í þessum efnum og bauð upp á dómaranámskeið og tókst það mjög vel. Þá útskrifuðust níu sem fullgildir dómarar. Í ár stóð UMSK síðan fyrir öðru knattspyrnudómarnámskeiði dagana 11. - 14. apríl. Þetta námskeið var haldið í samráði við Knattspyrnudómarafélag Kópavogs. Fór það fram í Menntaskóla Kópavogs og tókst ekki síður vel eins og árið áður. Að þessu sinni útskrifuðust 13 fullgildir dómarar en sex þeirra voru úr félagi utan sambandssvæðisins, en auðvitað er það ljúft að geta rétt sem flestum hjálparhönd hvort sem viðkomandi er af sambandssvæðinu eða utan þess.

Leiðbeinandi á námskeiðinu var Einar Hjartarson. Eftirtaldir luku prófi á námskeiðinu:

Eyþór Árnason	UBK
Gunnar Gylfason	UBK
Kristján Már Atlason	UBK
Ásmundur Örn Guðmundsson	ÍK
Steinarr Ólafsson	Hvatberum
Ásgrímur H. Einarsson	Fyrirtak
Haraldur G. Ólafsson	Fyrirtak
Hlynur Svan Eiríksson	FH
Hörður Magnússon	FH
Jón Þór Sigþórsson	FH
Jón Örn Þorsteinsson	FH
Jónas Fr. Hjartarson	FH
Magnús Hafliðason	FH

20. LANDSMÓT UMFÍ

Nú er eitt og hálf ár í 20. Landsmót UMFÍ. UMSK er framkvæmdaraðili mótsins og fer það fram í Mosfellsbæ 12. - 15. júlí 1990. Framkvæmd mótsins er stærsta verkefni sem UMSK hefur ráðist í og er því mikilvægt að allir standi vel að baki til að sem best takist til.

Landsmótsnefnd er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Kristján Sveinbjörnsson formaður
Halldór Frimannsson varaformaður
Gunnar Páll Pálsson ritari
Jón Ingi Ragnarsson
Þórarinn Jónsson
Pálmi Gíslason
Katrín Gunnarsdóttir

Varamenn:

Sigurður Geirdal
Sigurður Þorsteinsson
Hafsteinn Pálsson

Nefndin réði sér framkvæmdastjóra frá 1. janúar 1989 og er hann til að byrja með í 1/4 starfi. Nafn þessa ágæta manns er Valgarð S. Halldórsson en hann vann fyrir nokkru á skrifstofu ÍSÍ og var þar í starfi í um 2 ár. Áður en Valgarð var ráðinn starfaði framkvæmdastjóri UMSK með nefndinni og gerir það áfram.

Starf nefndarinnar fór hægt af er en komið ágætlega af stað.

Samstarfið við Mosfellsbæ hefur verið mjög gott og fara þar fyrir stórhuga menn sem ætla sér að gera hvað þeir geta til að mótið takist sem best og lýsa framkvæmdirnar við nýja íþróttavöllinn þessum stórhug.

BIKARKEPPNI SSÍ

Helgina 11-13 nóvember s.l. fór fram Bikarkeppni Sundsambands Íslands 2. deild í sundhöll Hafnarfjarðar. Eins og kunnugt er vann UMSK sig upp úr 3. deild í fyrra og átti því sæti í ár í 2. deildinni. Einnig áttu sæti í deildinni lið HSK með nokkra Ólympíufara innanborðs, Bolvíkingar, Þingeyingar, Borgfirðingar og Ármennningar. Lið UMSK kom, sá og sigraði með glæsibrag. Árangur sem kom flestum á óvart.

Mikil og ör uppbygging hefur verið í sundíþróttinni hjá okkur upp á síðkastið enda duglegt og röggssamt fólk sem er í forsvari fyrir sunddeildirnar. Þá eiga þjálfararnir stóran þátt í velgengninni en þeir eru Halldór Ragnarsson og Guðrún Magnúsdóttir hjá UMFA og Sif Bachman hjá UBK. Stjórn UMSK óskar öllum þeim sem gerðu þennan árangur mögulegan til hamingju og vonar að þetta verði hvatning til enn frekari afreka.

Stórglæsileg sundlaug verður tekin í notkun í Kópavogi næsta haust og því er ástæða til að ætla að bjart sé framundan þar sem æfingaaðstaða UBK verður til fyrirmyndar.

Lokaröð sambandanna var eftirfarandi á mótinu:

1. UMSK	17560	stig
2. HSP	17516	stig
3. UMSB	16266	stig
4. Ármann	16218	stig
5. HSK	15997	stig
6. UMFB	14313	stig

Árangur einstaklinganna í keppnisliði UMSK fer hér á eftir:

<u>Nr.</u>	<u>grein.</u>	<u>nafn.</u>	<u>tími.</u>	<u>stig.</u>
6	800 m skrið kvk	Berglind Árnadóttir	11.16.58	414
8	800 m skrið kvk	Karen Rúnarsdóttir	12.03.84	338
1	800 m skrið karla	Geir Birgisson	09.31.90	563
3	800 m skrið karla	Sverrir Sverrirsson	10.09.77	464
8	200 m fjórsund kvk	Auður Sigurðardóttir	02.50.25	463
12	200 m fjórsund kvk	Svava Matthíasdóttir	03.02.44	376
1	200 m flug karla	Geir Birgisson	02.32.72	450
3	200 m flug karla	Kristján Sigurðsson	02.43.34	367
4	100 m skrið kvk	Berglind Árnadóttir	01.12.01	440
5	100 m skrið kvk	Laufey Sigurbergisdóttir	01.12.47	432
7	100 m bak karla	Vilhjálmur Matthíasson	01.24.69	276

65 ÁRSPING UMSK

9	100 m bak karla	Einar H. Jóhannsson	01.26.24	262
2	200 m bringa kvk	Rakel Reynisdóttir	03.14.34	444
7	200 m bringa kvk	Laufey Sigurbergisd.	03.22.81	391
3	100 m bringa kk	Valgeir Sævarsson	01.23.77	398
4	100 m bringa kk	Ingimar Róbertsson	01.24.39	389
7	100 m flug kvk	Hrafnhildur Hákonard	01.25.12	315
9	100 m flug kvk	Rakel Reynisdóttir	01.28.78	277
2	200 m skrið karla	Sigbór Rúnarsson	02.12.20	536
7	200 m skrið karla	Kristinn Þorkelsson	02.22.18	431
